

Fundur foreldrafélags GSS  
03.01.12 kl. 18

Mætt voru: Anna Reynisdóttir, Kristín H. Víðisdóttir, Sigurlaug G. Þórarinsdóttir, Selma Rut Þorkeldsdóttir, Julius M. Larsen, Magnús Ingi Bæringsson, Dóra Björk Sigurðardóttir, Sigurdís Gísladóttir; Sigrún Þorgeirsdóttir.

1. Öskudagurinn 22. Febrúar Magnús fór stuttlega yfir hefðbundna dagskrá Öskudagsins í Stykkishólmi síðari árin og umræða var um hvort breyta ætti eitthvað út af vananum, fundarmenn voru að lokum samála um að hafa hann með nokkuð hefðbundnu sniði nema að Magnús tók að sér að kanna möguleikan á að framkvæmdur yrði sá mikili gjörningur að „slá köttinn úr tunnunni“. Fram kom að grímuball eldri bekkja hefði verið illa sóttur og því ákveðið að kanna hug krakkanna í 7.-10. Bekk hvort þau hefðu áhug á grímuballi eða eitthverju öðru. Kristín tók að sér að hafa samband við fyrirtæki sem verða heimsótt en þau voru á síðasta ári, Arion Banki, Dvalarheimilið, Sjúkrahúsið, Skipavík, ANKA, Lyfja og TM. Sigurlaug tók það að sér að tala við Olís vegna nammipoka. Sigurdís ætlar að tala við Bónus vegna svaladrykkja. Magnús ræðir við Gunnar Skólastjóra um að leiða gönguna á Öskudaginn og óska eftir að dustað verði rykið af öskudagslögnum frá því í fyrra. Sigrún tók að sér að tala við Íþróttakennara með uppstillingu á þrautum í Íþróttahúsi og Nemendafélagið vegna grímudansleiks um kvöldið. Verði af dansleik um kvöldið þarf að tala við Tónlistaskólan með húsnæði og redda svo kölluðum plötusnúðum. Nánari verkaskipting á Öskudaginn sjálfan verður gefin út síðar.
2. Fræðslu- og forvarnarfundir: Ýtrekað var mikilvægi þess að taka fyrir efni fyrir skólalok og var Magnúsi falið að hafa samband við SAFT.is um fræðslu um hvað beri að varast við notkun á tölvum. Óskað eftir að fá fræðslu í byrjun Mars.
3. Umræða varð um leikvelli og ástand tækja, fyrirspurn kom um hvort gera mætti skautasvell á skólalóðinni líkt gert hefur verið áður.

Ákveðið var að næsti fundur verði 7. febrúar nk.  
Fundi slitið kl. 18:50

MIB ritaði fundargerð.